Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ábúðarskjöl Laugarness 1856-1883

Aðfnr. 1362, örk 2a

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Í blaðinu Þjóðólfi N. 28, höfum við séð
af Auglýsíngu frá Stiptamtinu, að það er dag-
settur til 16 þ: mán: almennur þvottur á öllu
klädugu og grunnudu fé innan Seltjarnarnes-
-hrepps í Laugunum hiá Laugarnesi; þessu
furðaði okkur á, því það hefir ekki verið fyri-
fram nefnt við neinn okkar Laugarnes eigand-
-anna og það er þó hver leyfisverður fyrir sínu.

Eigendurnir hefðu líka sjálfsagt leyft þetta
sem er svo mjög í alls almennings þarfir, og
það jafnvel borgunarlaust, ef leyfis hefði
verið leitað fyrifram, eins og vera bar. En
nú eru allir eigendurnir ásáttir um að leyfa
ekki þvottinn í Laugunum, og þann átroð-
ning af hestum, mönnum og fénaði
sem þar af leiðir, án sanngjarns endurgjalds;
og því viljum við leyfa oss í tíma að láta
Yðar hávelborinheit vita að eigendurnir leggja
forboð á þessa brúkun Lauganna og Laugarnes
lands ~~og ætla að mótstanda því skyldi á þurfa
að halda~~ ef Yðar hávelborinheit viljið ekki standa
þeim sinni fyrir frá 20 [16] til 25 [20] Rdr endurgialdi
fyrir átroðning og jarðrask

Við leyfum oss að vænta svars sem fyrst
að orðið getur, hvort Yðar hávelborinheit viljið
gánga að þessum kostum eður ekki.

Reykjavík 8da Juni 1857.

Hávelborni
Herra Stiptamtmaður Greifi Trampe
R: af Dbr &c

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur